

Mótareglur

1. Fjöldi stigamóta fer eftir hversu mörg mót strandblaksnefnd BLÍ samþykkir eftir að umsóknarfresti lýkur (stefnt er að því að sterk mót verði ekki haldin á sömu helgi).
 - a. Stigagjöf í mótum er í samræmi við stigakerfi strandblaksnefndar BLÍ sem er aðgengilegt á heimasíðu BLÍ (bli.is/strandblak).
 - b. Lið geta skráð sig í Úrvalsdeild sem er efsta deild mótsins. Fyrirkomulag hennar er í höndum mótastjóra hverju sinni og ræðst af þátttöku. Ef þátttaka er ónæg þá rennur hún saman við fyrstu deild. Stigagjöf í Úrvaldsdeild er sú sama og í fyrstu deild.
 - c. Í öðrum deildum en Úrvalsdeild raðar samanlagður stigafjöldi leikmanna í liði liðinu í deild og innan deildar. Fjöldi í hverri deild er ákveðinn af mótastjóra, en miðað er við að hafa ca. 8 lið í deild. Fjögur bestu mót síðustu tveggja ára telja til stiga hjá leikmanni. Þó getur aðeins eitt Íslandsmót talið til stiga.
 - d. Lið sem vinnur neðri deild öðlast sjálfkrafa valkvæðan þátttökurétt í næstu deild fyrir ofan á næsta stigamóti sem haldið er. Þetta gildir ekki um Íslandsmót og ekki á milli ára.
 - e. Stigameistari í hverjum flokki fyrir sig er sá sem hefur flest stig eftir sumarið.
 - f. Íslandsmót reiknast alltaf inn í heildarstigafjölda til stigameistara.
 - g. Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnháir þá er skoðuð röð keppenda í hverri keppni fyrir sig og sá sem hefur oftar raðast ofar í mótum raðast efst.
2. Leikmaður getur ekki spilað bæði í U-deildum og fullorðinsdeildum í sama móti og öfugt, s.s. ef leikmaður keppir í U-deild getur hann ekki spilað í fullorðinsdeild í því móti, en leikmaður getur spilað í þeim U-deildum sem keppt er í, í sama móti.
3. Stefnt er á að halda 3-5 unglíngamót yfir sumarið og eru félög hvött til að sækja um að halda mót. Stefnt er á að halda Íslandsmót unglínga sömu helgi og Íslandsmót fullorðina.

Mótareglur

4. Íslandsmót fullorðinna er stefnt á að halda sömu og Menningarnótt í Reykjavík.
5. Það félag sem heldur stigamót sér algerlega um mótið allt frá því að auglýsa skráningu, taka á móti skráningum, raða niður mótinu, (útvega verðlaun), framkvæmd mótsins og senda úrslit á fréttalista BLÍ.
 - a. Strandblaksnefnd BLÍ gefur út verðskrá fyrir mótin, keppnisgjald á móti fyrir fullorðna árið 2024 er 9.800 kr., og 7.400 kr., fyrir unglinga.
 - b. Innifalið í keppnisgjaldi er umsýslugjald sem rennur beint til umsjónaraðila mótakerfis (VolleyballLife.com)
 - c. Félagið fær 80% af eftirstöðvum keppnisgjalds og BLÍ 20%.
 - d. Þær greiðslur sem renna til BLÍ fara til uppbyggingar á barna- og unglingastarfi strandblaks hjá BLÍ og í búnað til mótahalds í strandblaki.
6. Opna skal fyrir skráningu í mót að lágmarki 10 dögum fyrir mót og skráning lokar mánudagskvöld fyrir mót og keppnisplan er gefið út í síðasta lagi miðvikudag fyrir mót (skráning í Íslandsmót lýkur 3 dögum fyrir).
7. Keppnishaldari ákveður hvort keppt verður í riðlakeppni eða tvöfalt útsláttarfyrikomulag á mótum.
8. Þau félög sem hafa áhuga á að halda stigamót næstkomandi sumar skulu senda inn umsókn til strandblaksnefndar BLÍ fyrir 1. febrúar ár hvert á netfang strandblaksnefndar.
9. Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar
 - a. Nafn félags.
 - b. Nafn tengiliðs.
 - c. Símanúmer tengiliðs.
 - d. Tölvupóstfang tengiliðs.
 - e. Fyrir hvaða deild er sótt um (karla, kvenna, unglinga (U-16)).
 - f. Hvaða dag/daga mótið á að vera.
 - g. Hvar mótið verður haldið.

Umsókn um að halda strandblaksmót sendist á netfang strandblaksnefndar

Mótareglur

- h. Hvað margir vellir eru til að halda mótið.
 - i. Hvort félagið ætli að vera með námskeið fyrir börn og unglinga og þá hvenær.
 - j. Hvað mörg námskeið verða haldin.
 - k. Hvaða daga námskeið verði haldin (lágmark eitt 4 tíma (2x2) námskeið).
10. Mótanefnd strandblaks gefur út keppnisdagatal ekki síðar en 4 vikum eftir að umsóknarfresti lýkur.
11. Ef lið mætir ekki til leiks í úrslitum eða undanúrslitum móts þá missa leikmenn öll þau stig sem þeir hafa unnið sér inn síðustu 2 ár (nema þeir séu veikir og framvísi læknisvottorði eða slasist).
12. Keppnisgjald skal greiða við skráningu og fæst ekki endurgreitt eftir að skráningarfresti lýkur.
13. Styrktaraðili/BLÍ útvegar verðlaun fyrir Íslands- og stigameistara ár hvert.